

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2002/35/EB

2005/EES/9/17

frá 25. apríl 2002

um breytingu á tilskipun ráðsins 97/70/EB um að setja samræmdar reglur um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/70/EB frá 11. desember 1997 um að setja samræmdar reglur um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/19/EB ⁽²⁾, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókunin við Torremolinos-þljóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa frá 1977, hér á eftir kölluð „Torremolinos-bókunin“, var samþykkt 2. apríl 1993.
- 2) Í tilskipun 97/70/EB eru settar samræmdar reglur um öryggi tiltekinna fiskiskipa, og því gilda ákvæði Torremolinos-bókunarinnar um þau.
- 3) Til að tryggja samræmda beitingu ákvæða viðaukans við Torremolinos-bókunina, í samræmi við 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 97/70/EB, virðist þörf á að samræma þá túlkun sem stjórnvöldum aðildarríkjanna er í sjálfsvald sett varðandi sum þessara ákvæða. Þessi samræmda túlkun ætti einungis að gilda um fiskiskip sem eru smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar, enda felur hún í sér mikilvægar breytingar á smíði fiskiskipa.
- 4) Breyta ber tilskipun 97/70/EB til samræmis við þetta.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var skipuð skv. 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75/EBE ⁽³⁾ eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/74/EB ⁽⁴⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. viðauka við tilskipun 97/70/EB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 2003.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. apríl 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 112, 27.4.2002, bls. 21. Hennar er getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2003 frá 14. mars 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 29, 5.6.2003, bls. 27.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 34, 9.2.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 83, 27.3.1999, bls. 48.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 276, 13.10.1998, bls. 7.

VIDAUKI

„I. VIDAUKI

**Aðlögun ákvæða viðaukans við Torremolinos-bókunina að því er varðar beitingu
1. mgr. 3. gr. tilskipunar 97/70/EB**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Nýtt fiskiskip, smíðað 1. janúar 2003 eða síðar“, merkir nýtt fiskiskip sem eftirfarandi á við um:
 - a) samningur um smíði eða meiri háttar breytingar er gerður 1. janúar 2003 eða síðar, eða
 - b) samningur um smíði eða meiri háttar breytingar er gerður fyrir 1. janúar 2003 en afhending fer fram þremur árum eftir þann dag eða síðar, eða
 - c) þar sem ekki liggur fyrir smíðasamningur 1. janúar 2003 eða síðar:
 - kjölurinn hefur verið lagður, eða
 - smíði tiltekins skips er greinilega hafin, eða
 - samsetning er hafin og er orðin a.m.k. 50 tonn að þyngd eða 1% af áætluðum heildarþunga alls smíðaefnis, hvort heldur er minna.

A-HLUTI

**Aðlaganir sem gilda um öll fiskiskip sem tilskipunin gildir um nema ný fiskiskip sem smíðuð eru
1. janúar 2003 eða síðar**

I. KAFLI: ALMENN ÁKVÆÐI

2. regla: Skilgreiningar

Í 1. lið kemur skilgreining á hugtakinu „nýtt fiskiskip“ í 2. gr. þessarar tilskipunar í stað skilgreiningar á hugtakinu „nýtt skip“.

V. KAFLI: ELDVARNIR, ELDSKYNJUN, SLÖKKVIBÚNAÐUR OG SLÖKKVISTÖRF

2. regla: Skilgreiningar

Í 2. lið breytist „stöðluð brunaprófun“ í lokin með tilliti til staðlaða tímahitastigsferilsins og verður svohljóðandi:

„... staðlaði tíma-hitastigsferillinn er ákveðinn með jafnri boglínu, sem dregin er í gegnum eftirfarandi hitastigspunkta, sem mældir eru inni í ofninum:

— upphafshitastig inni í ofninum:	20 °C
— að loknum fyrstu 5 mín.:	576 °C
— að loknum 10 mín.:	679 °C
— að loknum 15 mín.:	738 °C
— að loknum 30 mín.:	841 °C
— að loknum 60 mín.:	945 °C“

VII. KAFLI: BJÖRGUNARBÚNAÐUR OG FYRIRKOMULAG HANS

1. regla: Beiting

2. liður verði svohljóðandi: „Ákvæði 13. og 14. reglu gilda einnig um gömul skip sem eru 45 m að lengd og lengri en stjórnvöld geta þó frestað framkvæmd á kröfum í þessum reglum fram til 1. febrúar 1999.“

13. regla: Fjarskiptabjörgunarbúnaður

2. liður verði svohljóðandi: „Fram til 1. febrúar 1999 geta stjórnvöld samþykkt tviátta metrabylgjugalstöðvar (VHF), sem er um borð í gömlum skipum en uppfylla ekki þær kröfur um nothæfi sem stofnunin setur, ef þær eru samrýmanlegur viðurkenndum tviátta metrabylgjugalstöðvum að mati stjórnvalda.“

IX. KAFLI: ÞRÁÐLAUS FJARSKIPTI**1. regla: Beiting**

Annar málslíður 1. liðar verði svohljóðandi:

„Þegar um er að ræða gömul skip geta stjórnvöld þó frestað framkvæmd ákvæðanna til 1. febrúar 1999.“

3. regla: Undanþágur

c-liður 2. liðar verði svohljóðandi:

„Þegar fyrir liggur að skipið verði tekið endanlega úr rekstri fyrir 1. febrúar 2001.“

B-HLUTI**Aðlögun sem gildir um öll ný fiskiskip, smíðuð 1. janúar 2003 eða síðar**

Núverandi texti eftirfarandi reglna verði svohljóðandi:

I. KAFLI: ALMENN ÁKVÆÐI**2. regla: Skilgreiningar**

ii-liður a-liðar 22. liðar

Þilið skal staðsett frá fremri lóðlinu í fjarlægð sem er ekki minni en 0,05 L og ekki meiri en 0,05 L + 1,35 m á skipum sem eru styttri en 45 m.

6. regla: Skoðun

c-liður 1. liðar

Milliskoðun til viðbótar hinni reglubundnu aðalskoðun, sem krafist er í i-lið b-liðar, að því er varðar bol og vélbúnað skipsins, með 2ja ára millibili, með þriggja mánaða skekkjumörkum, á skipum sem eru smíðuð úr öðru efni en tré en með millibili samkvæmt nánari ákvörðun stjórnvalda á skipum sem eru smíðuð úr tré. Skoðunin skal einnig tryggja að breytingar, sem geta rýrt öryggi skipsins eða áhafnar þess, hafi ekki verið gerðar.

II. KAFLI: SMÍÐI, VATNSÞÉTTLEIKI OG ÝMIS BÚNAÐUR**1. regla: Smíði**

1. liður

Styrkleiki og smíði á bol, yfirbyggingum, þilfarshúsum, vélarreisnum, niðurgangsköppum og öllum öðrum skipshlutum og búnaði skal vera hæfileg til að þola allar fyrirsjáanlegar aðstæður við væntanlega notkun og vera í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar.

2. regla: Vatnsþéttar hurðir

1. liður

Fjöldi opa á vatnsþéttum þiljum, sem krafist er í 3. lið 1. reglu, skal takmarkaður eins og unnt er, með hliðsjón af fyrirkomulaginu um borð og notkun skipsins. Opin skulu búin vatnsþéttum lokunarbúnaði sem er í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar. Vatnsþéttar hurðir skulu vera af sama styrkleika og aðliggjandi þil, óskert.

2. regla: Vatnsþéttar hurðir

a-liður 3. liðar

Í skipum, sem eru 45 m að lengd eða lengri, skulu vatnsþéttu hurðirnar vera rennihurðir:

í rýmum, sem ætlað er að opna úti á sjó, og þröskuldarnir eru undir efstu (dýpstu) vatnslínu, nema stjórnvöld telji slíkt óheppilegt eða óþarft þegar tillit er tekið til gerðar skipsins og starfsemi þess.

Undanþágur frá þessari reglu, sem aðildarríki heimilar, falla undir málsmeðferðina í 4. gr. þessarar tilskipunar.

5. regla: Lestarop

3. liður

Búnaði til að tryggja að lestarhlerar úr tré séu veðurþéttir skal komið fyrir í samræmi við viðmiðanirnar í 14. og 15. reglu í I. viðauka við alþjóðasamþykktina um hleðslumerki frá 1966 ⁽¹⁾.

9. regla: Loftháfar

1. liður

Í skipum, sem eru 45 m að lengd eða lengri, skal karmhæðin yfir þilfari á loftháfum, öðrum en loftháfum fyrir vélarúm, vera a.m.k. 900 mm á aðalþilfari og a.m.k. 760 mm á yfirbyggingarþilfari. Í skipum, sem eru styttri en 45 m, skal hæð á þessum körmum vera a.m.k. 760 mm á aðalþilfari og a.m.k. 450 mm á yfirbyggingarþilfari. Hæðin yfir þilfari á körmum loftháfs fyrir vélarúm skal, vegna stöðugar veitu lofts til vélarúmsins og vegna skyndilegrar loftþarfar rafalarymis, almennt vera í samræmi við 3. lið 9. reglu II. kafla. Ef þetta er óhentugt vegna stærðar skipsins og fyrirkomulags má samt sem áður samþykkja lægri karma, en þó ekki lægri en 900 mm yfir aðalþilfari og yfirbyggingarþilfari, að því tilskildu að þeir séu með veðurþéttan lokunarbúnað skv. 2. lið 9. reglu II. kafla sem er sambyggður öðrum hentugum búnaði sem tryggir órofa og nægilegt loftstreymi til rýmanna.

12. regla: Kýraugu

6. liður

Stjórnvöld geta samþykkt kýraugu og glugga án blindloka á hliðum og aftan á þilfarshúsum á aðalþilfari og þar fyrir ofan ef þau eru þess fullviss að öryggi skipsins sé ekki skert við það, að teknu tilliti til reglna viðurkenndra stofnana sem eru grundvallaðar á viðeigandi ISO-stöðlum.

15. regla: Akkerisbúnaður

Skip skulu búin akkerisbúnaði sem er hannaður til skjótra og öruggra nota og vera samsettur úr akkerum, akkeris-keðjum eða vírum, keðjuklemmum og vindu eða öðrum búnaði til að kasta og hífa akkeri og halda skipi föstu við allar fyrirsjáanlegar aðstæður. Skip skulu einnig búin nægjanlegum búnaði fyrir landfestar sem halda þeim föstum á öruggan hátt við allar aðstæður. Akkerisbúnaður og búnaður fyrir landfestar skal vera í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar.

III. KAFLI: STÖDUGLEIKI OG SJÓHÆFNI**1. regla: Almennt**

Skip skulu vera þannig hönnuð og smíðuð að þau uppfylli ákvæði þessa kafla við þau hleðslutilvik sem tilgreind eru í 7. reglu. Útreikningar á réttiarmsboglínunum skulu vera í samræmi við IMO-kóða um stöðugleika í ósködduðu ástandi fyrir allar skipsgerðir ⁽²⁾.

2. regla: Stöðugleikakröfur

1. liður

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til stöðugleika nema þegar stjórnvöld eru þess fullviss, að fenginni reynslu, að frávik frá þeim séu réttlætunleg. Öll frávik, sem stjórnvöld leyfa frá lágmarkskröfum um stöðugleika falla undir málsmeðferðina í 4. gr. þessarar tilskipunar ⁽³⁾.

d-liður 1. liðar

Byrjunarmálmiðjuhæðin GM skal vera a.m.k. 350 mm fyrir skip með einu þilfari. Fyrir skip með heila yfirbyggingu geta stjórnvöld heimilað minni málmiðjuhæð, en þó alls ekki minni en 150 mm. Lækkun, sem stjórnvöld leyfa á lágmarksmálmiðjuhæð, falla undir málsmeðferðina í 4. gr. þessarar tilskipunar.

⁽¹⁾ Alþjóðasamþykktin um hleðslumerki frá 1966, sem var ákveðin á alþjóðaráðstefnu um hleðslumerki 5. apríl 1966 og Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti með ályktun A.133(V) 25. október 1967.

⁽²⁾ Kóði um stöðugleika í ósködduðu ástandi fyrir allar skipsgerðir, sem gerðir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar taka til og Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti með ályktun A.749(18) 4. nóvember 1993 eins og henni hefur verið breytt með ályktun MSC.75(69).

⁽³⁾ Álita má að stöðugleikakröfur fyrir grunnsævisbirgðaskip í mgr. 4.5.6.2.1 til 4.5.6.2.4 í IMO-kóðanum um stöðugleika í ósködduðu ástandi fyrir allar skipsgerðir séu jafngildar stöðugleikakröfunum í a- til c-lið 1. liðar 2. reglu. Einungis má beita þessu jafngildi gagnvart fiskiskipum með svipaða lögun bols og grunnsævisbirgðaskip enda telji stjórnvöld það fullnægjandi.

3. liður

Þegar kjölfesta er notuð til að uppfylla kröfurnar í 1. lið skal hún vera þess eðlis og þannig komið fyrir að fullnægjandi sé að mati stjórnvalda. Í skipum, sem eru styttri en 45 m, skal þannig kjölfesta vera varanleg. Varanleg kjölfesta skal vera í föstu formi og fest tryggilega í skipinu. Stjórnvöld geta leyft fljótandi kjölfestu sem komið er fyrir í geymum sem eru alveg fylltir og ekki tengdir neinu dælukerfi í skipinu. Ef fljótandi kjölfesta er notuð sem varanleg kjölfesta svo uppfylla megi ákvæði 1. liðar skulu upplýsingar um það vera í samræmisskýrteininu og í stöðugleikagögnunum.

Óheimilt er að fjarlægja eða færa til varanlega kjölfestu án samþykkis stjórnvalda.

4. regla: Sérstæðar veiðiaðferðir

Skip, sem stunda veiðar með sérstæðum veiðiaðferðum, þar sem auknir ytri kraftar virka á skipið við veiðarnar, skulu uppfylla stöðugleikakröfur sem eru umfram kröfur í 1. lið 2. reglu ef slíkt er talið nauðsynlegt að mati stjórnvalda. Skip, sem stunda veiðar með bómutrolli skulu uppfylla eftirfarandi auknar stöðugleikakröfur:

- a) auka skal kröfurnar um flötinn undir réttiarmsboglínunni og fyrir réttiarminn, eins og þær eru tilgreindar í a- og b-lið 1. liðar 2. reglu, um 20%,
- b) málmíðjuhæðin skal ekki vera minni en 500 mm,
- c) kröfurnar, sem tilgreindar eru í a-lið, gilda aðeins fyrir skip með aðalvélbúnaði sem er ekki aflmeiri í kílóvöttum (kW) en tilgreint er í eftirfarandi jöfnum:
 - $N=0,6L_s^2$ fyrir skip sem eru 35 m að lengd eða styttri, og
 - $N=0,7 L_s^2$ fyrir skip sem eru 37 m að lengd eða lengri,
 - fyrir lengdir þar á milli skal stuðullinn fyrir L_s fundinn með hlutfallslegri brúun á milli 0,6 og 0,7,
 - L_s er mesta lengd samkvæmt mælibréfinu.

Ef afl aðalvélbúnaðar er meira en sem nemur gildunum fyrir viðmiðunarvélarafli í jöfnunum hér að framan skal auka kröfurnar, sem tilgreindar eru í a-lið, í beinu hlutfalli við aukningu vélaraflsins.

Stjórnvöld skulu fullvissa sig um að framangreindar auknar stöðugleikakröfur fyrir bómutogara séu uppfylltar í hleðslutilvikunum sem tilgreind eru í 1. lið 7. reglu í þessum kafla.

Við útreikninga á stöðugleika skal ganga út frá því að bómuturnar séu reistar að 45° horni, miðað við lárétt.

5. regla: Mikill vindur og veltingur

Skip skulu þola áhrif vegna mikils vinds og veltings í samsvarandi sjólagi, að teknu tilliti til árstíðabundins veðurfars, ástands sjávarins þar sem gert er ráð fyrir að skipið muni starfa, gerðar skipsins og starfshátta þess. Viðeigandi útreikningar skulu gerðir í samræmi við IMO-kóða um stöðugleika í ósköðduðu ástandi fyrir allar skipsgerðir.

8. regla: Ísing

Þessi regla gildir nema þar sem ekki er heimilt að breyta gildum fyrir ísingu sem aðildarríkjum er í sjálfvald sett skv. tilmælum nr. 2 ⁽¹⁾.

9. regla: Hallaprófun

2. liður

Þegar breytingar eru gerðar á skipi sem áhrif hafa á eigin þyngd þess eða staðsetningu þyngdarmiðju skal það hallaprófað á ný og stöðugleikaútreikningarnir endurgerðir ef stjórnvöld telja slíkt nauðsynlegt. Samt sem áður skal skipið hallaprófað á ný ef breyting á eigin þyngd skipsins nemur meira en 2% miðað við upphaflega eigin þyngd þess og ekki er unnt að sýna fram á með útreikningum að skipið haldi áfram að uppfylla stöðugleikakröfurnar.

⁽¹⁾ Varðandi hafsvæði, þar sem ísing getur orðið og lagt er til að önnur tölugildi fyrir ísingu séu notuð, er vísað til leiðbeininga um ísingu í tilmælum nr. 2 í 3. fylgiskjali við lokagerð Torremolinos-ráðstefnunnar.

12. regla: Bóghæð

Bóghæð skal vera nægileg til að draga úr ágjöf.

Fyrir skip, sem starfa á afmörkuðum svæðum sem eru ekki meira en 10 sjómílar frá landi, skal lágmarksbóghæð vera fullnægjandi að mati stjórnvalda og ákvörðuð að teknu tilliti til árstíðabundins veðurfars, sjólagsins þar sem gert er ráð fyrir að skipið muni starfa, gerðar skipsins og starfshátta þess.

Fyrir skip sem starfa á öllum öðrum svæðum:

1. ef nauðsynlegt er við veiðarnar að taka aflann inn í fiskilestar um lúgur á opnu vinnuþilfari fyrir framan þilfarshús eða yfirbyggingu skal lágmarksbóghæð reiknuð út í samræmi við reikningsaðferðina sem er að finna í tilmælum nr. 4 í 3. fylgiskjali við lokagerð Torremolinos-ráðstefnunnar,
2. ef nauðsynlegt er að taka aflann inn í fiskilestar um lúgu á opnu vinnuþilfari, í vari af þilfarshúsi eða yfirbyggingu skal lágmarksbóghæð reiknuð út í samræmi við 39. reglu I. viðauka við alþjóðasamþykktina um hleðslumerki frá 1966, en skal þó ekki vera minni en 2000 mm. Í þessu tilliti á mesta leyfilega djúprista við starfrækslu að koma í stað skilgreinds sumarfríborðs.

14. regla: Niðurhólfun og lekastöðugleiki

Skip, sem eru 100 m að lengd eða lengri, þar sem heildarfjöldi manna um borð er 100 eða meira, skulu vera fær um að halda sér á floti með jákvæðan stöðugleika eftir að flætt hefur inn í eitthvert eitt hólfanna af völdum hugsanlegs skaða, að teknu tilliti til gerðar skipsins, ráðgerðrar notkunar þess og hafsvæðisins þar sem ráðgert er að skipið skuli starfa ⁽¹⁾. Útreikningar skulu gerðir í samræmi við leiðbeiningarnar sem tilgreindar eru í neðanmálsgreininni.

IV. KAFLI: VÉL- OG RAFBÚNAÐUR OG TÍMABUNDIÐ ÓMÖNNUÐ VÉLARÚM.**3. regla: Almenn ákvæði****1. liður**

Eftirtalinn búnaður og kerfi skulu vera hönnuð, smíðuð, prófuð, niðursett og haldið við samkvæmt reglum viðurkenndrar stofnunar: aðalvélar, stjórnkerfi, gufulagnir, eldsneytisoliukerfi, þrýstiloftskerfi, rafkerfi og kæli- og frystikerfi, hjálparvélar, katlar og önnur þrýstihylki, rörlagnir og dælubúnaður, stýrisbúnaður og -vél, ásar og tengsl fyrir aflfærslu. Þessar vélar og búnaður skulu, ásamt lyftibúnaði, vindum, fiskflutnings- og fiskverkunartækjum, vera búin hlífum til að hætta fyrir menn um borð verði sem minnst. Sérstakan gaum skal gefa hlutum sem hreyfast, heitum flötum og öðru sem hættulegt getur talist.

7. liður

Stjórnvöld skulu vera þess fullviss, að ákvæði 16. til 18. reglu séu framkvæmd og þeim beitt á samræmdan hátt í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar ⁽²⁾.

9. liður

Gera skal ráðstafanir, sem taldar eru fullnægjandi að mati stjórnvalda, til að tryggja að allur búnaður starfi á öruggan hátt við allar starfsaðstæður, þ.m.t. stjórnun skipsins, og að gerðar séu ráðstafanir í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar til að framkvæma reglubundið eftirlit og venjubundnar prófanir til að tryggja stöðugan, öruggan rekstur.

10. liður

Í skipum skulu vera gögn, í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar, sem staðfesta hæfni þeirra til þess að starfa með tímabundið ómönnuð vélarúm.

6. regla: Gufukatlar, veitukerfi og gufuröralagnir**1. liður**

Ekki færri en tveir öryggislokar af hæfilegri stærð skulu hafðir á sérhverjum gufukatli, hvernig svo sem hann er hitaður upp. Stjórnvöld geta heimilað, að teknu tilliti til afkastagetu eða einhverra annarra eiginleika gufuketils, hvernig svo sem hann er hitaður upp, að aðeins einn öryggisloki sé hafður ef þau eru þess fullviss að nægilegt öryggi gegn yfirþrýstingi sé tryggt í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar.

⁽¹⁾ Sjá leiðbeiningar um útreikninga á niðurhólfun og lekastöðugleika sem er að finna í tilmælum nr. 5 í 3. fylgiskjali við lokagerð Torremolinos-ráðstefnunnar.

⁽²⁾ Einnig er vísað er til tillagna alþjóðaraftækninefndarinnar og sérstaklega rits hennar nr. 92, „Rafkerfi í skipum“.

8. regla: Stjórn aðalvélbúnaðar frá stýrishúsi

b-liður 1. liðar

Þar sem aðalvélbúnaði er fjarstýrt úr stýrishúsinu skal eftirfarandi gilda: Fjarstýringin, sem vísað er til í a-lið, skal framkvæmd með stjórnþúnaði, sem uppfyllir reglur viðurkenndrar stofnunar, ásamt, ef nauðsynlegt er, þúnaði sem kemur í veg fyrir yfirálag á aðalvélbúnaðinn.

10. regla: Ráðstafanir vegna eldsneytisólíu, smurolíu og annarra eldfimra olía

4. liður

Eldsneytisólíulagnir, sem geta, ef þær verða fyrir skemmdum, valdið því að olía leki frá birgða-, set- eða daggeymi, sem staðsettur er yfir tvöfalda botninum, skulu búnar krana eða loka við geyminn sem unnt er að loka frá öruggum stað utan viðkomandi rýmis, þar sem slíkir geymar eru staðsettir, vegna eldsvoða sem upp getur komið í því. Í þeim sérstöku tilvikum, að hágeymum er komið fyrir í öxul- eða röragöngum eða svipuðum rýmum, skulu vera lokar á geyminum en vegna hugsanlegs eldsvoða er heimilt að hafa til viðbótar loka á rörinu eða rörunum utan ganganna eða annarra svipaðra rýma. Ef slíkur aukaloki er hafður í vélarúminu skal vera unnt að stjórna honum utan við það.

a-liður 7. liðar

Eldsneytisólíurör ásamt lokum og tengibúnaði á þeim skulu vera úr stáli eða öðru efni sem er ígildi þess, þó er heimilt að leyfa takmarkaða notkun á slöngubörkum. Þessir slöngubarkar og endatengingar þeirra skulu hafa nægilegan styrkleika og skulu gerðir úr samþykktu, eldtraustu efni eða vera varðir með eldtrausti húð í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar. Tengibúnaður þannig slöngubarka skal vera í samræmi við umburðarbréf Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC/Circ.647 - „Leiðbeiningar til að lágmarka leka frá kerfum með eldfimum vökvum“.

10. liður

Fyrirkomulagið á geymslu, dreifingu og notkun á olíu í smurolíuþrýstikerfinu skal vera í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar. Slíkt fyrirkomulag í vélarúmunum í A-flokki, og alls staðar þar sem því verður komið við í öðrum vélarúmunum, skal a.m.k. vera í samræmi við ákvæði 1., 3., 6. og 7. liðar og, að því marki sem nauðsynlegt er til samræmis við reglur viðurkenndrar stofnunar, einnig 2. og 4. liðar. Þetta útilokar ekki notkun á rennslissjónglösom í smurolíukerfum ef sýnt er fram á, með prófun, að þau séu hæfilega eldtraust.

11. liður

Fyrirkomulagið á geymslu, dreifingu og notkun á eldfimur olíum, sem notaðar eru undir þrýstingi í aflfærslukerfum, öðrum en þeim olíum sem tilgreindar eru í 10. lið og notaðar eru í stýri- og stjórnþúnaði svo og hitakerfum, skal vera í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar. Á stöðum, þar sem ikveikjuhætta er, skal slíkt fyrirkomulag a.m.k. vera í samræmi við ákvæði 2. og 6. liðar auk ákvæða 3. og 7. liðar að því er varðar styrkleika og smíði.

12. regla: Varnir gegn hávaða

Gera skal ráðstafanir sem draga úr áhrifum hávaða á starfsmenn í vélarúmunum og miða við hávaðamörk sem mælt er fyrir um í IMO-kóða um hávaðastig um borð í skipum ⁽¹⁾.

13. regla: Stýrisþúnaður

1. liður

Skip skulu búin aðalstýrisþúnaði og varastýrisþúnaði í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar. Aðalstýrisþúnaðurinn og varastýrisþúnaðurinn skulu, að svo miklu leyti sem ástæða er til og við verður komið, vera þannig að bilun í öðrum þeirra geri hinn ekki óstarfhæfan.

16. regla: Aðalrafaflgjafi

a-liður 1. liðar

Þar sem eingöngu er notað rafafli til að drífa hjálparþúnað sem er nauðsynlegur til þess að knýja skipið og fyrir öryggi þess skal vera aðalrafaflgjafi með a.m.k. tveimur rafalasalastæðum og má önnur samstæðan vera drifin af aðalvélinni. Samþykkja má annað fyrirkomulag, sem gefur sambærilega möguleika á rafafli, í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar.

⁽¹⁾ Sbr. kóða um hávaðastig um borð í skipum í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.468(XII) frá 19. nóvember 1981.

V. KAFLI: ELDVARNIR, ELDSKYNJUN, SLÖKKVIBÚNAÐUR OG SLÖKKVISTÖRF**1. regla: Almennt****c-liður**

Aðferð IIF: Sjálfvirkt eldviðvörunar- og skynjunarkerfi er haft í öllum rýmum, þar sem búast má við að eldur komi upp, almennt án takmörkunar á gerð skilrúmma innanborðs, að því undanskildu að í engu tilviki skal flatarmál neins rýmis í vistarverum eða rýmum, sem takmarkast af þiljum í A- eða B-flokki, vera stærra en 50 m². Stjórnvöld geta þó aukið þetta flatarmál upp í 75m² fyrir almenn rými.

2. regla: Skilgreiningar**1. liður**

„Eldtraust efni“ er efni sem hvorki brennur né gefur frá sér nægilegt magn af eldfimum gufum til sjálfsíkveikju þegar það er hitað upp í u.þ.b. 750°C og skal það ákveðið í samræmi við IMO-kóða um brunaprófunaraðferðir ⁽¹⁾. Allt annað efni er brennanlegt efni.

Ákvæði 2. liðar, „stöðluð brunaprófun“ verði sem hér segir:

„Stöðluð brunaprófun“ er prófun, þar sem sýnishorn úr viðkomandi þiljum eða þilförum eru hituð upp í prufuofni í hitastig sem er nokkurn veginn í samræmi við staðlaða tímahitastigsferilinn. Prófunaraðferðirnar skulu vera í samræmi við IMO-kóða um brunaprófunaraðferðir.

3. liður (síðasti málsliður)

Stjórnvöld skulu krefjast prófunar á frumgerð þils eða þilfars til að tryggja að hún uppfylli framangreindar kröfur um þéttleika og hitastigshækkun í samræmi við IMO-kóða um brunaprófunaraðferðir.

4. liður (síðasti málsliður)

Stjórnvöld skulu krefjast prófunar á frumgerð skilrúms til að tryggja að hún uppfylli framangreindar kröfur um þéttleika og hitastigshækkun í samræmi við IMO-kóða um brunaprófunaraðferðir.

6. liður (síðasti málsliður)

Stjórnvöld skulu krefjast prófunar á frumgerð skilrúms til að tryggja að hún uppfylli framangreindar kröfur um þéttleika og hitastigshækkun í samræmi við IMO-kóða um brunaprófunaraðferðir.

9. liður

Lágt eldsútbreiðslumark merkir að yfirborð með þá eiginleika hindri nægilega útbreiðslu elds og skal það ákveðið í samræmi við IMO-kóða um brunaprófunaraðferðir.

4. regla: Þil í vistarverum og þjónusturýmum**4. liður**

Aðferð IIF: Engar takmarkanir skulu vera á smíði þilja sem ekki er krafist samkvæmt þessari eða öðrum reglum þessa hluta að séu í A- eða B-flokki skilrúma. Í engu tilviki skal flatarmál í vistarverum eða rýmum, sem takmarkast af samfelldum skilrúmum í A- eða B-flokki, vera meira en 50 m², nema í einstökum tilvikum þar sem skilrúma í C-flokki er krafist samkvæmt töflu 1 í 7. reglu. Samt sem áður geta stjórnvöld aukið þetta flatarmál upp í 75 m² fyrir almenn rými.

7. regla: Eldtraustleiki þilja og þilfara

Síðasta athugasemd við töflur

(*) Þar sem stjarna er í töflunum skal skilrímið vera úr stáli eða jafngildu efni en þarf ekki að vera samkvæmt A-flokki.

Þar sem rafmagnskaplar, rör og loftræstistokkar ganga í gegnum þilfar skulu slík gegnumtök vera þétt til að koma í veg fyrir útbreiðslu elds og reyks.

⁽¹⁾ Alþjóðlegur kóði um brunaprófunaraðferðir (FTP-kóðinn) eins og hann var samþykktur í ályktun siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC 61 (67).

8. regla: Ýmsir hlutar smíðinnar

3. liður, aðferð IF, IIF og IIIF

- a) Annars staðar en í farmrýmum eða kældum hölfum innan þjónusturýma skulu einangrunarefni vera eldtraust. Rakavarnir og lím, sem notuð eru í tengslum við einangrun, svo og einangrun röralagna á kæli- og frystikerfum, þurfa ekki að vera úr eldtraustu efni en magn einangrunarefnisins skal vera eins lítið og við verður komið og óvarðir fletir þess skulu hafa lágt eldsútbreiðslumark sem skal ákveðið í samræmi við IMO-kóða um brunaprófunaraðferðir. Á þeim stöðum, þangað sem olíur gætu komist, skal yfirborð einangrunarinnar vera oliuhelt og þola oliugufur.

9. regla: Loftræstikerfi

a-liður 1. liðar

Loftrásir loftræstikerfa skulu vera úr eldtraustu efni. Samt sem áður þurfa stuttar rásir, sem að jafnaði eru ekki lengri en 2 m og með þverskurðarflatarmál, sem er ekki stærra en 0,02 m², ekki að vera eldtraustar ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- i) þessar rásir skulu vera úr efni með lágt eldsútbreiðslumark sem skal ákveðið í samræmi við IMO-kóða um brunaprófunaraðferðir.

11. regla: Ýmis ákvæði

2. liður

Málning, lökk og annar frágangur, sem notaður er á óvarða fleti innskips, skulu ekki geta myndað óhóflega mikinn reyk eða eitruðar lofttegundir eða gufur og skal það ákveðið í samræmi við IMO-kóða um brunaprófunaraðferðir.

12. regla: Geymsla á gashylkjum og hættulegum efnum

4. liður

Raflagnir og rafbúnaður skal ekki heimilaður í rýmum, sem notuð eru til að geyma mjög eldfima vökva eða fljótandi gas, nema að því marki sem nauðsynlegt er til þjónustu í rýmum. Þar sem slíkur rafbúnaður er settur upp skal hann vera af vottaðri, öruggri gerð og uppfylla viðeigandi ákvæði alþjóðlega staðalsins í útgáfu Alþjóðaraftækni-nefndarinnar (IEC) nr. 79 „Raftæki til notkunar í sprengiföllum andrúmslofti“. Hitagjöfum skal haldið frá þessum rýmum og setja skal upp skilti á áberandi stað með áletrunum „Reykningar bannaðar“ og „Óvarin ljós bönnuð“.

13. regla: Neyðarútgönguleiðir

1. liður

Stigum og rimlastigum að og frá öllum vistarverum og rýmum, þar sem áhöfnin er að jafnaði við störf, öðrum en vélarúmum, skal komið fyrir þannig að greið neyðarútgönguleið sé út á opið þilfar og þaðan til björgunarfara. Þetta á sérstaklega við um eftirfarandi rými:

- e) samfelldni neyðarútgönguleiða skal vera fullnægjandi að mati stjórnvalda. Stigar og gangar, sem eru notaðir sem neyðarútgönguleiðir, skulu hafa a.m.k. 700 mm óhindraða breidd og hafa handrið a.m.k. á annarri hliðinni. Dyr, sem liggja að stigagangi, skulu hafa a.m.k. 700 mm óhindraða breidd.

2. liður

Tvær neyðarútgönguleiðir skulu vera úr hverju vélarúmi í A-flokki, með þeim hætti, sem hér segir, á annan hvorn veginn:

- a) tveir stálrimlastigar, staðsettir eins langt hvor frá öðrum og unnt er, sem liggja að dyrum sem eru á líka langt hvor frá annarri í efri hluta rýmisins, en frá þeim skal vera hægt að komast út á opið þilfar. Almennt skal annar hvor þessara rimlastiga veita samfellda vörn gegn eldi, frá neðri hluta rýmisins að öruggum stað utan þess. Samt sem áður þurfa stjórnvöld ekki að krefjast slíks varnarbúnaðar ef fyrirkomulag eða stærð vélarúmsins er þannig að öruggur neyðarútgangur telst vera úr neðri hluta þess. Þessi vörn skal vera úr stáli og einangruð í flokknum A-60 og skal sjálflokandi stálhurð í flokki A-60 vera á neðri enda hennar, eða

14. regla: Sjálfvirkt úða-, eldviðvörðun- og eldskynjunarkerfi (Aðferð IIF)

11. liður

Hafa skal varaúðahausa fyrir sérhvern hluta úðakerfisins.

Varaúðahausar af þeim tegundum og flokkum, sem komið er fyrir um borð í skipinu, skulu hafðir sem hér segir:

- færri en 100 úðahausar: 3 varahausar,
- færri en 300 úðahausar: 6 varahausar,
- 300 til 1000 úðahausar: 12 varahausar.

15. regla: Sjálfvirkt eldviðvörðunar- og eldskynjunarkerfi (Aðferð III F)

4. liður

Kerfið skal fara í gang ef lofthitinn verður óeðlilega hár, við óeðlilega mikla reykmettun eða vegna annarra þátta sem benda til að eldur sé á byrjunarstigi í einhverju þeirra rýma sem kerfið tekur til. Kerfi, sem eru næm fyrir lofthita, skulu ekki fara í gang við lægra hitastig en 54°C en skulu fara í gang við hitastig sem er ekki hærra en 78°C þegar hitastigsaukningin er ekki meiri en 1°C á mínútu. Stjórnvöld geta ákveðið hvort heimilt sé að hækka hitastigið, sem kerfið fer í gang við, um allt að 30°C yfir hámarkshitastiginu við neðri brún þilfarsins fyrir ofan (deck head) í þurrkkléfum og á sambærilegum stöðum þar sem hiti andrúmsloftsins er að jafnaði hár. Kerfi, sem eru næm fyrir reykmettun, fara í gang við minnkun á styrkleika ljósgeisla. Vottað skal að reykskynjarar fari í gang áður en þéttleiki reyksins fer yfir 12,5% myrkvun á metra en ekki fyrr en þéttleiki reyksins fer yfir 2% myrkvun á metra. Stjórnvöld geta ákveðið hvort heimilt sé að telja aðrar gangsetningar aðferðir jafngildar. Skynjunarkerfið skal ekki notað til annars en eldskynjunar.

17. regla: Brunadælur

2. liður

Ef eldur í einhverju hólfi getur gert allar brunadælur óvirkar skal annar búnaður vera fyrir hendi sem veitir vatni til slökkvistarfa. Í skipum, sem eru 75 m að lengd eða lengri, skal þessi búnaður vera föst, sérknúin neyðarbrunadæla. Þessi neyðarbrunadæla skal geta veitt vatni til tveggja brunastúta við 0,25 N/mm² lágmarksþrýsting.

20. regla: Slökkvitæki

2. liður

1. Fyrir hverja tegund slökkvitækja um borð, sem unnt er að endurhlaða um borð, skal sjá fyrir 100% varahleðslum fyrir fyrstu 10 slökkvitækin og 50% fyrir þau slökkvitæki sem eftir eru en þó ekki fleiri en 60.
2. Fyrir slökkvitæki, sem ekki er unnt að endurhlaða um borð, skal sjá fyrir a.m.k. 50% fleiri viðbótarslökkvitækjum af sömu tegund og með sömu afköst í stað varahleðslna.
3. Leiðbeiningar um endurhleðslu skulu vera fyrir hendi um borð. Einungis má nota hleðslur sem eru viðurkenndar fyrir þau slökkvitæki sem um er að ræða.

4. liður

Slökkvitæki skulu skoðuð árlega af hæfum einstaklingi með heimild til þess frá stjórnvaldi. Á hverju slökkvitæki skal vera merki sem gefur til kynna að það hafi verið skoðað. Öll hylki utan um slökkvitæki, sem eru undir stöðugum þrýstingi, og hylki fyrir drifefni fyrir slökkvitæki sem eru ekki undir þrýstingi, skulu vatnsþrýstiprófuð á 10 ára fresti.

21. regla: Handslökkvitæki í stjórnstöðvum, vistarverum og þjónusturýmum

2. liður

1. Fyrir hverja tegund slökkvitækja um borð, sem unnt er að endurhlaða um borð, skal sjá fyrir 100% varahleðslum fyrir fyrstu 10 slökkvitækin og 50% fyrir þau slökkvitæki sem eftir eru en þó ekki fleiri en 60.
2. Fyrir slökkvitæki, sem ekki er unnt að endurhlaða um borð, skal sjá fyrir a.m.k. 50% fleiri viðbótarslökkvitækjum af sömu tegund og með sömu afköst í stað varahleðslna.
3. Leiðbeiningar um endurhleðslu skulu vera fyrir hendi um borð. Einungis má nota hleðslur sem eru viðurkenndar fyrir þau slökkvitæki sem um er að ræða.

24. regla: Slökkvibúningar

1. liður

A.m.k. tveir slökkvibúningar skulu vera um borð. Slökkvibúningarnir skulu vera í samræmi við reglu 2.1, 2.1.1 og 2.1.2 í III. kafla IMO-kóðans um brunaöryggiskerfi. Tvær varahleðslur skulu hafðar fyrir hvert öndunartæki sem krafist er.

25. regla: Fyrirkomulag eldvarnarbúnaðar

Mynd, sem sýnir fyrirkomulag eldvarnarbúnaðar, skal sett upp þannig að hún sé alltaf sýnileg. Táknin á myndinni skulu vera í samræmi við kröfurinnar í ályktunum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar nr. A.654(16) „Myndræn tákn fyrir myndir af fyrirkomulagi eldvarnarbúnaðar“ og A.756(18) „Leiðbeiningar um það hvaða upplýsingar eiga að vera á myndum af fyrirkomulagi eldvarnarbúnaðar“.

28. regla: Byggingatæknileg brunavörn

a-liður 2. liðar

Í skipum, þar sem bolurinn er smíðaður úr eldtraustum efnum, skulu þilför og þil, sem aðskilja vélarúm í A-flokki frá vistarverum, þjónusturýmum eða stjórnstöðvum, vera smíðuð samkvæmt flokknum A-60 ef vélarúm í A-flokki er ekki búið föstu slökkvikerfi en samkvæmt flokknum A-30 þar sem slíkt kerfi er fyrir hendi. Þilför og þil, sem aðskilja önnur vélarúm frá vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum, skulu smíðuð samkvæmt flokknum A-0.

Þilför og þil, sem aðskilja stjórnstöðvar frá vistarverum og þjónusturýmum, skulu smíðuð samkvæmt A-flokki í samræmi við töflu 1 og 2 í 7. reglu þessa kafla en stjórnvöld geta þó heimilað skilrúm í flokknum B-15, sem aðskilja rými, svo sem skipstjóraklefa og stýrishús, þar sem slík rými eru talin hluti af stýrishúsinu.

31. regla: Ýmis ákvæði

1. liður

Óvarðir fletir í vistarverum, þjónusturýmum, stjórnstöðvum, göngum og umluktum stigagöngum og huldur fletir bak við þil, loft- og veggklæðningar og þiljur, í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum, skulu hafa lágt eldsút-breiddslumark og skal það ákveðið í samræmi við IMO-kóða um brunaprófunaraðferðir.

3. liður

Málning, lökk og annar frágangur, sem notaður er á óvarða fleti innanskips, skulu ekki geta myndað óhóflega mikinn reyk eða eitruð lofttegundir eða gufur, og skal það ákveðið í samræmi við IMO-kóða um brunaprófunaraðferðir.

32. regla: Geymsla á gashylkjum og hættulegum efnum

4. liður

Raflagnir og rafbúnaður skal ekki heimilaður í rýmum, sem notuð eru til að geyma mjög eldfima vökva eða fljótandi gas, nema að því marki sem nauðsynlegt er til þjónustu í rýmum. Þar sem slíkur rafbúnaður er settur upp skal hann vera af vottaðri, öruggri gerð og uppfylla viðeigandi ákvæði alþjóðlega staðalsins í útgáfu Alþjóðaraftækni-nefndarinnar (IEC) nr. 79, „Raftæki til notkunar í sprengifimu andrúmslofti“. Hitagjöfum skal haldið frá þessum rýmum og setja skal upp skilti á áberandi stað með áletrunum „Reykingar bannaðar“ og „Óvarin ljós bönnuð“.

38. regla: Slökkvitæki

2. liður

1. Að frátöldum þeim tilvikum, sem um getur í 2. lið (hér á eftir) fyrir hverja tegund slökkvitækja um borð, sem unnt er að endurhlaða um borð, skal sjá fyrir 100% varahleðslum fyrir fyrstu 10 slökkvitækin og 50% fyrir þau slökkvitæki sem eftir eru en þó ekki fleiri en 60.
2. Að því er varðar skip styttri en 45 m og fyrir slökkvitæki, sem ekki er unnt að endurhlaða um borð, skal sjá fyrir a.m.k. 50% fleiri viðbótarslökkvitækjum af sömu tegund og með sömu afköst í stað varahleðslna.
3. Leiðbeiningar um endurhleðslu skulu vera fyrir hendi um borð. Einungis má nota hleðslur sem eru viðurkenndar fyrir þau slökkvitæki sem um er að ræða.

4. liður

Slökkvitæki skulu skoðuð árlega af hæfum einstaklingi með heimild til þess frá stjórnvaldi. Á hverju slökkvitæki skal vera merki sem gefur til kynna að það hafi verið skoðað. Öll hylki utan um slökkvitæki, sem eru undir stöðugum þrýstingi, og hylki fyrir drífefni fyrir slökkvitæki, sem eru ekki undir þrýstingi, skulu vatnsþrýstiprófuð á 10 ára fresti.

39. regla: Handslökkvitæki í stjórnstöðvum, vistarverum og þjónusturýmum

2. liður

1. Að frátöldum þeim tilvikum, sem um getur í 2. lið (hér á eftir), fyrir hverja tegund slökkvitækja um borð, sem unnt er að endurhlaða um borð, skal sjá fyrir 100% varahleðslum fyrir fyrstu 10 slökkvitækin og 50% fyrir þau slökkvitæki sem eftir eru en þó ekki fleiri en 60.
2. Að því er varðar skip styttri en 45 m og fyrir slökkvitæki, sem ekki er unnt að endurhlaða um borð, skal sjá fyrir a.m.k. 50% fleiri viðbótarslökkvitækjum af sömu tegund og með sömu afköst í stað varahleðslna.
3. Leiðbeiningar um endurhleðslu skulu vera fyrir hendi um borð. Einungis má nota hleðslur sem eru viðurkenndar fyrir þau slökkvitæki sem um er að ræða.

41. regla: Slökkvibúningar

Í skipum, sem eru 45 m að lengd eða lengri, skulu vera a.m.k. tveir slökkvibúningar og skulu þeir geymdir eins langt hvor frá öðrum og unnt er á stöðum sem auðvelt er að komast að og sem ólíklegt er að lokist af ef eldur kemur upp. Slökkvibúningarnir skulu vera í samræmi við reglu 2.1, 2.1.1 og 2.1.2 í III. kafla IMO-kóðans um brunaöryggiskerfi.

A.m.k. tvær varahleðslur skulu hafðar fyrir hvert öndunartæki sem krafist er.

42. regla: Fyrirkomulag eldvarnarbúnaðar

Mynd, sem sýnir fyrirkomulag eldvarnarbúnaðar, skal sett upp þannig að hún sé alltaf sýnileg.

Táknin á myndinni skulu vera í samræmi við kröfurnar í ályktunum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar nr. A.654(16) „Myndræn tákn fyrir myndir af fyrirkomulagi eldvarnarbúnaðar“ og A.756(18) „Leiðbeiningar um það hvaða upplýsingar eigi að vera á myndum af fyrirkomulagi eldvarnarbúnaðar“.

Í skipum, sem eru styttri en 45 m, er stjórnvöldum heimilt að falla frá þessu ákvæði.

VI. KAFLI: BÚNAÐUR TIL VERNDAR ÁHÖFNINNI**3. regla: Borðstokkar, handrið og öryggisbúnaður****2. liður**

Lóðrétt lágmarksfjarlægð frá efstu (dýpstu) vatnslínu að lægsta punkti á efri brún borðstokks eða að brún aðalþilfars, ef handrið eru höfð, skal tryggja áhöfninni fullnægjandi vörn gagnvart sjó, sem kemur á þilfarið vegna ágjafar, að teknu tilliti til sjólags, veðurfars og hafsvæða, þar sem skipið er að störfum, gerðar skipsins og veiðiaðferða þess. Fríborð, mælt miðskips frá brún aðalþilfars, þaðan sem fiskur er veiddur, skal ekki vera minna en 300 mm eða ekki minna en fríborðið sem samsvarar mestu leyfilegu djúpristu, hvort heldur er stærra. Á skipum, þar sem aðalþilfar er skýlt og fyrirkomulag er þannig að vatn kemst ekki að skýldum vinnusvæðum, þarf ekki að miða við annað lágmarksfríborð en það sem samsvarar mestu leyfilegu djúpristu.

4. regla: Stigar og rimlastigar

Til að tryggja öryggi áhafnarinnar skulu hafðir stigar og rimlastigar, smíðaðir af hæfilegri stærð og styrkleika, ásamt handriðum og þrepum með hálkuvörn í samræmi við videigandi ISO-staðla.

VII. KAFLI: BJÖRGUNARBÚNAÐUR OG FYRIRKOMULAG HANS**3. regla: Mat, prófun og samþykkt á björgunarbúnaði og fyrirkomulagi hans****2. liður**

Áður en björgunarbúnaður og fyrirkomulag hans eru samþykkt skulu stjórnvöld tryggja að þannig björgunarbúnaður og fyrirkomulag hans séu prófuð þannig að unnt sé að staðfesta að búnaðurinn og fyrirkomulag hans fullnægi ákvæðum þessa kafla samkvæmt kröfum í tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum ⁽¹⁾ sem ná einnig yfir tilmæli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um prófanir á björgunarbúnaði.

6. liður

Björgunarbúnaður, sem krafist er samkvæmt þessum kafla, án þess að hann sé tilgreindur í smáatriðum í hluta C, skal vera fullnægjandi að mati stjórnvalda, að teknu tilliti til ítarlegra upplýsinga um slíkan búnað í III. kafla Solas-samþykktarinnar frá 1974 með áorðnum breytingum og í alþjóðlegum IMO-kóða um björgunarbúnað (LSA-kóðanum).

6. regla: Geymsla tiltækra björgunarfara og léttbáta**a-liður 4. liðar**

Sérhvert björgunarfara skal geymt:

- þannig að hvorki björgunarfarið né geymslufyrirkomulag þess hafi áhrif á notkun annarra björgunarfara eða léttbáta við aðra sjósetningarstaði,
- eins nálægt vatnsyfirborði og unnt er og á eins öruggan hátt og hægt er að koma við og, ef um er að ræða björgunarfara, annað en björgunarfleka sem er sjósettur með því að varpa honum fyrir borð, í þannig stöðu að björgunarfarið, í þeirri stöðu sem farið er um borð í það, sé ekki neðar en 2 m frá vatnsyfirborði þegar skipið er fullhlaðið með óhagstæðan stafnhalla skips allt að 10° og allt að 20° síðuhalla á hvort borð sem er eða fari að þeim halla þar sem veðurþilfar skipsins fer undir vatnslínu, eftir því hvort hornið er minna,
- þannig að það sé tilbúið til notkunar umsvifalaust svo skipverjar geti á innan við 5 mín. búið sig undir að fara um borð í og sjósetja farið,
- þannig að það sé fullbúið samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25.

23. regla: Léttbátar**b-liður 1. liðar**

Heimilt er að hafa léttbáta annaðhvort harða eða uppblásna eða að smíði þeirra sé blanda af hvoru tveggja og þeir skulu:

- i) ekki vera styttri en 3,8 m og ekki lengri en 8,5 m, nema í skipum sem eru styttri en 45 m þar sem óskynsamlegt eða óframkvæmanlegt er að koma slíkum bátum fyrir vegna stærðar skipsins eða af öðrum orsökum, en í þeim tilvikum er stjórnvöldum heimilt að samþykkja styttri bát en þó ekki styttri en 3,3 m,
- ii) geta borið a.m.k. fimm menn í sætum auk eins liggjandi manns eða, þegar um er að ræða léttbáta sem eru styttri en 3,8 m í skipum sem eru styttri en 45 m, a.m.k. fjóra menn í sætum auk eins liggjandi manns.

c-liður 1. liðar

Sá fjöldi manna, sem bátnum er heimilað að bera, skal ákveðinn af stjórnvöldum með því að gera sætaprófun. Lágmarksburðargeta skal vera eins og mælt er fyrir um í ii-lið b-liðar 1. liðar 23. reglu. Sæti, nema fyrir rórmann, mega vera á botni bátsins. Óheimilt er að hafa einhvern hluta sætanna á borðstokki, gaffli eða á uppblásnum flotslögum á hliðum bátsins.
